3. tbl. 23. árgangur • Júní 2012

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Forsíðumynd

Forsíðumyndin er af Vilborgu Sverrisdóttur. Myndin er tekin á hátíðarhöldunum 1. maí. Myndina tók Örlygur Hnefill Örlygsson

Afsláttur á bílaleigubílum

Stéttarfélögin eru með samning við Bílaleigu Húsavíkur um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn stéttarfélaganna á bílaleigubílum í Reykjavík. Afslátturinn er 15% frá listaverði.

Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Skrifstofu stéttarfélaganna eða Bílaleigu Húsavíkur.

Söguferð um Fjörður

Stéttarfélögin standa fyrir sögu- og gönguferð í Fjörður laugardaginn 11. ágúst. Um er að ræða dagsferð. Farið verður frá Húsavík með rútu kl. 08:00 að Grýtubakka í Höfðahverfi. Þaðan verður farið áfram með rútunni yfir Leirdalsheiði til Hvalvatnsfjarðar. Þar reimum við á okkur gönguskóna og höldum í rólegheitunum yfir hálsana til Þorgeirsfjarðar. Áætlað er að það taki um einn og hálfan tíma að ganga hvora leið en um er að ræða þægilega og fallega gönguleið við flestra hæfi. Grillað verður við Þönglabakka í Þorgeirsfirði sem er gamalt prestsetur. Með í för verður sagnaþulurinn Björn Ingólfsson frá Dal við Grenivík. Leiðangursstjóri og burðardýr verður Aðalsteinn Á. Baldursson. Áætluð heimkoma til Húsavíkur er um kl. 19:00. Skráning stendur yfir til 10. júlí og frekari upplýsingar um ferðina er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þátttökugjaldið er kr. 2.500,- fyrir félagsmenn. Ekki missa af þessari einstöku ferð undir leiðsögn Björns Ingólfssonar sem er hafsjór af fróðleik um svæðið. Þá eru ótrúlega margir ættaðir frá þessu svæði.

Fagurt er í fjörðum, þá skaparinn gefur veðrið blítt...

Opnunartími í sumar

Í sumar verður Skrifstofa stéttarfélaganna opin í 8 tíma á dag, alla virka daga, frá kl. 08:00 til 16:00.

Stéttarfélögin

Verslunarfólk á námskeiði

Deild verslunar og skrifstofufólks innan Framsýnar stóð fyrir tveimur stuttum námskeiðum fyrir starfsfólk í verslunum í síðustu viku. Á námskeiðunum var farið yfir framkomu og þjónustu við viðskiptavini verslana og þjónustufyrirtækja. Þekkingarnet Þingeyinga sá um að skipuleggja námskeiðið með fulltrúum Framsýnar. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Erla Guðmundsdóttir.

Hópur starfsmanna úr verslunum tók þátt í þjónustunámskeiði sem Deild verslunar og skrifstofufólks innan Framsýnar stóð fyrir á dögunum.

Viðræður í gangi

Fulltrúar Sjómannadeildar Framsýnar áttu fund í síðustu viku með ríkissáttasemjara og forsvarsmönnum Landssambands smábátaeigenda. Farið var yfir stöðuna í viðræðum aðila um nýjan kjarasamning. Sjómannadeildin hafði áður vísað deilunni til ríkissáttasemjara. Samþykkt var að halda viðræðum áfram á næstu dögum. Sérstakur vinnuhópur mun fara yfir drög að samningi áður en fundað verður aftur með ríkissáttasemjara. Sá fundur verður síðar í þessum mánuði. Að sögn talsmanna sjómanna innan Framsýnar er vilji hjá báðum samningsaðilum til að klára samningaviðræðurnar. Þó er ljóst að deilur stjórnvalda og sjávarútvegsfyrirtækjanna í landinu um nýju kvótafrumvörpin tefja viðræðurnar.

Þessar vikurnar er unnið að því að ganga frá kjarasamningi fyrir smábátasjómenn. Ljóst er að deilur stjórnvalda og útgerðarfyrirtækja í landinu um nýju kvótafrumvörpin tefja viðræðurnar.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • ÁBYRGÐARMAÐUR: Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 13. júní 2012 og gefið út í 2000 eintökum.
HÖNNUN OG PRENTUN: Örkin, Húsavík.

Sjómenn heiðraðir á Húsavík

Tveir sjómenn voru heiðraðir á Sjómannadaginn við hátíðlega athöfn á Húsavík. Að þessu sinni voru heiðraðir þeir Guðmundur Aðalbjörn Hólmgeirsson sem ættaður er úr Flatey á Skjálfanda og Hreiðar Olgeirsson sem kenndur er við Skálabrekku á Húsavík. Þeir eiga það sameignlegt að hafa stundað sjóinn lengi, bæði sem sjómenn og eins sem útgerðarmenn. Sjómannadeild Framsýnar sá um heiðrunina. Lesa má umsögn um þessa tvo heiðursmenn á heimasíðu Framsýnar, www.framsyn.

Hreiðar Olgeirsson og Guðmundur Aðalbjörn Hólmgeirsson voru heiðraðir á Sjómannadaginn. Hér eru þeir ásamt eiginkonum, eiginkona Hreiðars er Halla Hallgrímsdóttir frá Sultum í Kelduhverfi og eiginkona Guðmundar er Helga Jónína Stefánsdóttir frá Húsavík. (mynd: Haffi)

Orri Freyr í stjórn Stapa

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum 8. maí. Á dagskrá voru hefðbundin ársfundarstörf. Fjárfestingartekjur ársins námu ríflega 6 milljörðum króna. Ávöxtun Tryggingardeildar sjóðsins á árinu nam 5,2%. Ávöxtun á söfnum Séreignardeildar var á Safni I 9,9%, á Safni II 5,0% og á Safni III 8,3%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 117,1 milljarður króna og hækkaði um 7,4% á milli ára. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 7,5% í árslok 2011. Lögð var fram tillaga um að lækka réttindi hjá sjóðnum um 7,5% til að mæta þessum halla og var hún samþykkt. Með þessari aðgerð er tryggingafræðileg staða sjóðsins góð og ekki líkur á að til frekari breytinga þurfi að koma á næstunni. Samtals hafa réttindi í sjóðnum verið lækkuð um 13,5% frá hruni, en fyrir hrun höfðu réttindi verið hækkuð aukalega um 14,75%. Þrátt fyrir þá lækkun sem nú var ákveðin munu lífeyrisþegar verða fyrir óverulegri skerðingu, þar sem lífeyrir þeirra frá Tryggingastofnun mun hækka á móti. Þannig er reiknað með að meðal skerðing á lífeyri verði um 0,4%. Alls greiddu 18.320 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu og námu iðgjaldagreiðslur tæpum 6 milljörðum kr. og hækkuðu um 8,4% frá fyrra ári. Samtals eiga um 80 þúsund manns réttindi í sjóðnum. Lífeyrisgreiðslur ársins námu 3,6 milljörðum og hækkuðu um 10,4% frá fyrra ári. Á fundinum voru kynntar nýjar hugmyndir að skipulagi sjóðsins þar sem markmiðið er að betra jafnvægi sé jafnan milli eigna og skuldbindinga. Jákvætt var tekið í þessar hugmyndir og var stjórn falið að vinna áfram að málinu.

Tveir stjórnarmenn, þeir Þórarinn Sverrisson og Sigurður Jóhannesson gengu úr stjórn og í þeirra stað voru kjörin í stjórn þau Orri Freyr Oddsson frá Framsýn- stéttarfélagi og Unnur Haraldsdóttir. Stjórn sjóðsins er því þannig skipuð: Ágúst Torfi Hauksson stjórnarformaður, Björn Snæbjörnsson varaformaður, Guðrún Ingólfsdóttir, Sigurður Hólm Freysson, Unnur Haraldsdóttir og Orri Freyr Oddsson.

Orri Freyr Oddsson kom nýr inn í stjórn Stapa, lífeyrissjóðs á síðasta ársfundi sjóðsins sem haldinn var á Egilsstöðum í byrjun maí.

Trausti og Lindi eru báðir magnaðir afgreiðslumenn en þeir starfa hjá Bústólpa á Húsavík. Hér eru þeir að afgreiða ónefndan stórbónda um fóður og saltstein.

Orlofsuppbót 2012

Í ár er full orlofsuppbót á almenna vinnumarkaðinum kr. 27.800. Greiða skal uppbótina 1. júní.

Hjá Verslunar- og skrifstofufólki er full orlofsuppbót kr. 21.000 sem greiða ber starfsmönnum 1. júní.

Í ár er full orlofsuppbót hjá iðnaðarmönnum kr. 27.800. Greiða skal uppbótina 1. júní.

Starfsfólk sem starfar hjá sveitarfélögum á rétt á kr. 37.000 orlofsuppbót m.v. fullt starf. Starfsmenn eiga rétt á að fá þessa greiðslu 1. maí.

Í ár er full orlofsuppbót hjá starfsmönnum sem starfa hjá ríkinu kr. 27.800. Greiða skal uppbótina 1. júní.

Rétt er að geta þess að orlofsuppbótin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall á síðasta orlofstímabili sem er frá 1. maí 2011 til 30. apríl 2012.

Það fylgir því bæði ábyrgð og gleði að starfa á leikskólum. Hér má sjá Jónu Björk sem er starfsmaður Leikskólans Grænuvalla á Húsavík í sveitaferð í vor með ungviðinu.

Góður afsláttur fyrir félagsmenn hjá Frumherja

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum eru með samning við Frumherja um að veita félagsmönnum 15% afslátt af reglubundinni skylduskoðun ökutækja á þeirra vegum. Afsláttur gildir ekki gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn. Áður en að félagsmenn láta skoða sína bíla þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá vottorð um að þeir séu fullgildir félagsmenn. Þessi afsláttur gildir einnig fyrir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar sem geta nálgast frekari upplýsingar á skrifstofu félagsins á Þórshöfn.

Klappað á aðalfundi Framsýnar
- ánægja með starfsemi félagsins -

Aðalfundur Framsýnar fór fram 31. maí. Á fundinum kom fram almenn ánægja með starfsemi félagsins, það er þjónustu við félagsmenn og fjárhagslega stöðu þess. Fundarmenn sáu ástæðu til að klappa fyrir stjórnendum félagsins fyrir vel unnin störf í þágu félagsmanna. Á síðasta ári varð tekjuafgangur af öllum sjóðum félagsins kr. 84.941.149,- en var kr. 81.608.720,- árið 2010. Heildareignir félagsins námu kr. 1.260.947,- í árslok 2011 samanborið við kr. 1.175.376.737,- í árslok 2010. Sterk staða gerir félaginu kleift að gera betur við félagsmenn en almennt þekkist meðal sambærilegra stéttarfélaga. Þá nýtur félagið mikils trausts meðal félagsmanna samanber fyrirliggjandi skoðanakannanir. Aðalsteinn Á. Baldursson var endurkjörinn formaður félagsins til næstu tveggja ára að telja. Um 2.300 félagsmenn eru í Framsýn- stéttarfélagi og nær félagssvæði þess frá Vaðlaheiði að Raufarhöfn. Hér má sjá nokkra athyglisverða punkta úr skýrslu stjórnar. Þess ber að geta að félagsmenn geta nálgast hana á skrifstofu félagsins vilji þeir fræðast betur um starfsemi Framsýnar á síðasta starfsári.

Fjöldi félagsmanna:
Alls greiddu 2116 félagsmenn til Framsýnar- stéttarfélags á árinu 2011 en greiðandi félagar voru 2040 árið 2010. Félagsmönnum fjölgaði því milli ára um 76. Um síðustu áramót voru gjaldfrjálsir félagsmenn samtals 225, það eru aldraðir og öryrkjar sem ekki eru á vinnumarkaði. Félagsmenn þann 1. janúar 2011 voru því samtals 2341 en voru árið áður 2250. Kynjaskiptingin í félaginu er mjög jöfn, konur eru 50,3% og karlar 49,7%.

Brim greiðir mest til Framsýnar
Alls greiddu 339 launagreiðendur til Framsýnar á síðasta ári og fjölgaði þeim um 12 milli ára. Stærstu greiðendur iðgjalda til Framsýnar 2011 eftir röð: Brim hf., Norðurþing, G.P.G. fiskverkun, Norðlenska matarborðið ehf., Ríkissjóður Íslands, Vísir hf., Þingeyjarsveit, Hvammur, heimili aldraðra, Eimskip Íslands ehf., Jarðboranir hf.

Þetta er nokkuð fróðlegur listi. Útgerðarfyrirtækið Brim hf. greiðir mest allra atvinnurekenda til Framsýnar líkt og síðasta ár. Brim hf. greiddi samtals 6.817.393,- í iðgjöld til félagsins. Innifalið í upphæðinni eru félagsgjöld starfsmanna og iðgjöld fyrirtækisins í sjóði Framsýnar. Þrír efstu launagreiðendurnir skera sig nokkuð úr varðandi greiðslur til félagsins.

Stefán Hallgrímsson er á Guðmundi í Nesi RE sem er í eigu Brims hf en fyrirtækið greiddi mest allra launagreiðenda til Framsýnar á síðasta ári.

Greiðslur til félagsmanna úr sjúkrasjóði
Á árinu 2011 nutu 483 félagsmenn bóta úr sjúkrasjóði félagsins. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 23.777.583,-. Sambærileg tala fyrir árið 2010 er kr. 19.411.915,-. Samkvæmt þessum tölum varð veruleg hækkun á útgjöldum sjóðsins milli ára eða um 22%.

Atvinnumál og atvinnuleysi
Atvinnuástandið á félagssvæði Framsýnar hefur frekar farið batnandi frá hruni. Það sýna tölur Vinnumálastofnunar. Um þessar mundir eru 115 atvinnuleitendur á skrá hjá Vinnumálastofnun á félagssvæði Framsýnar. Atvinnuleysi á Norðurlandi-eystra var um 4,6% í apríl en var á sama tíma árið 2009 um 8,3%. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum erum við á réttri leið. Félagsmenn Framsýnar fengu greiddar kr. 147.626.658,- í atvinnuleysisbætur og mótframlög frá Vinnumálastofnun á síðasta ári. Sambærilegar tölur fyrir árið 2010 eru kr. 176.741.379,- . Eins og sjá má lækkuðu greiðslurnar um 29 milljónir milli ára sem eru mjög jákvæðar fréttir.

Sigurveig Arnardóttir trúnaðarmaður starfsmanna á Hvammi var að sjálfsögðu á fundinum og í miklu stuði.

Ég fer í fríið!
Á síðasta ári dvaldi fjöldi félagsmanna ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsíbúðum, á tjaldsvæðum og hótelum á vegum félagsins. Veruleg ásókn er í orlofshús á vegum félagsins en þess ber að geta að félagið niðurgreiðir orlofsdvöl félagsmanna í orlofsíbúðum/húsum sem auðveldar fólki að njóta orlofsdvalar með fjölskyldum sínum á Íslandi. Ekki er óalgengt að niðurgreiðslurnar séu um kr. 40.000,- per. viku dvöl. Þá fengu félagsmenn endurgreiðslur vegna dvalar á tjaldsvæðum kr. 442.088,-.

Tæpar 8 milljónir í námsstyrki
Á árinu 2011 fengu 278 félagsmenn Framsýnar greiddar 7.927.782,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Þar af fengu 157 einstaklingar greidda styrki úr Landsmennt, samtals greiðsla kr. 4.821.535,-. Alls fengu 15 félagsmenn styrki úr Sjómennt kr. 598.473,-. Úr Ríkismennt fengu 26 félagsmenn styrki kr. 605.133,-. Úr fræðslusjóði verslunarmanna fengu 54 félagsmenn styrki að upphæð kr. 1.313.740,-. Að endingu fengu 77 félagsmenn styrki úr Sveitamennt kr. 1.667.490,-. Til viðbótar má geta þess að 7 félagsmenn fengu sérstaka styrki úr Fræðslusjóði Framsýnar kr. 235.151,- Fræðslusjóðirnir eru fjármagnaðir með framlögum frá fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum sbr. ákvæði kjarasamninga.

Baráttuandi í höllinni
Að venju stóðu stéttarfélögin fyrir hátíðarhöldum í Íþróttahöllinni á Húsavík 1. maí 2012, það er á baráttudegi verkafólks. Hátíðarhöldin tókust að venju frábærlega og um 800 manns tóku þátt í þeim.

VIRK að gera góða hluti
Í kjarasamningum árið 2008 komu inn ákvæði um stofnun starfsendurhæfingarsjóðs. Um er að ræða sjálfseignarstofnun sem stjórnað er af aðilum vinnumarkaðarins. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi launagreiðenda sem er 0,13% af launum. Virk – starfsendurhæfingarsjóður hóf starfsemi á árinu 2009. Í samvinnu við Framsýn stéttarfélag hófst starfsemin í Þingeyjarsýslum með tímabundnu tilraunarverkefni á haustdögum 2009. Í febrúar 2010 var síðan gerður samningur milli Framsýnar, Starfsmannafélags Húsavíkur, Þingiðnar og Verkalýðsfélags

Góður andi var á aðalfundi Framsýnar. Fundarmenn voru ánægðir með starfsemi og rekstur félagsins.

Þórshafnar og Virk – starfsendurhæfingarsjóðs um aukna starfsemi á félagssvæðinu. Í septembermánuði 2010 hóf Ágúst Sigurður Óskarsson fullt starf sem ráðgjafi Virk – starfsendurhæfingarsjóðs í Þingeyjarsýslum. Afar góð reynsla er af starfsemi Virk – starfsendurhæfingarsjóðs á svæðinu s.l. ár. Virk og góð samvinna er við heilbrigðis- og félagsþjónustu, úrræðaaðila s.s. Sjúkraþjálfun Húsavíkur og fyrirtæki og stofnanir eru virk í samvinnu um málefni starfsmanna sinna sem glíma við heilsubrest. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa tekið upp samstarf við Virk – starfsendurhæfingarsjóð um ráðningu á einstaklingum sem eru að stíga upp úr veikindum og hafa ekki haft ráðningarsamband.

100 ára afmæli fagnað

Framsýn fagnaði 100 ára afmæli stéttarbaráttu í Íþróttahöllinni á Húsavík þann 1. maí 2011 en þá voru um 100 ár frá stofnun Verkamannafélags Húsavíkur. Hátíðin fór vel fram og var öllum til sóma. Um 1000 manns komu í höllina og tóku þátt í þessum merka áfanga í sögu verkalýðsbaráttu í Þingeyjarsýslum. Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, var sérstakur gestur hátíðarinnar. Hann lauk lofsorði á starfsemi og málflutning Framsýnar í ávarpi sínu. Þá má geta þess að félagið gaf út vandað blað í tilefni af afmælinu sem Jóhannes Sigurjónsson ritstýrði.

Félagsmenn ánægðir með afmælisgjöfina

Í tilefni af 100 ára afmælinu var samþykkt að færa fullgildum félagsmönnum afmælisgjöf kr. 10.000,-. Óhætt er að segja að gjöfin hafi mælst vel fyrir. Á árinu 2011 notuðu 247 félagsmenn gjöfina samtals krónur 2.453.794,- til niðurgreiðslna hjá félaginu. Í boði er að nýta afmælisgjöfina í tvö ár frá aðalfundinum 2011.

Jóna Matt og Lilja Sig fylgdust með af athygli.

Framsýn kaupir íbúðir fyrir félagsmenn

Á síðasta ári var ákveðið að kaupa þrjár nýjar orlofsíbúðir fyrir félagsmenn sem þurfa suður á höfuðborgarsvæðið vegna veikinda eða orlofsdvalar. Þingiðn festi kaup á einni íbúð til viðbótar. Ákveðið var að kaupa íbúðir í fjölbýlishúsi í Þorrasölum í Kópavogi. Það sem réð því að félögin fjárfestu í Kópavogi var verðið og staðsetningin. Fjölbýlishúsið sem félögin kaupa í er við útivistarsvæði Garðbæinga og Kópavogsbúa. Mun dýrara hefði verið að kaupa samskonar íbúðir í Reykjavík. Freyjugatan, alls þrjár íbúðir sem Framsýn átti með Þingiðn hafa þegar verið seldar á 52 milljónir. Asparfellið hefur verið í söluferli og verður væntanlega selt í haust en þar á Framsýn eina íbúð. Heildarverðið á íbúðunum fjórum er kr. 96.135.000,-. Framsýn kaupir þrjár íbúðir í Þorrasölum á 73.235.000,-. Til frádráttar kemur eignarhlutur Framsýnar í Freyjugötunni upp á rúmlega 47 milljónir. Reiknað er með að kaupa nýtt innbú inn í allar íbúðirnar og selja gamla innbúið á Freyjugötunni. Ef allt gengur að óskum verða íbúðirnar afhendar þann 1. júlí í sumar.

Ályktað um orkuflutninga

Aðalfundur taldi ástæðu til að senda frá sér svohljóðandi ályktun sem var samþykkt samhljóða:

„Aðalfundur Framsýnar- stéttarfélags hafnar alfarið hugmyndum Landsvirkjunar og stjórnvalda um að flytja út orku með sæstreng frá Íslandi til Evrópu. Að mati fundarins ber Íslendingum að ganga vel um þær náttúruauðlindir sem við búum yfir, með það að markmiði, að nýta þær með skynsamlegum hætti til atvinnusköpunar og framfara á Íslandi. Komi til þess að náttúruauðlindir á Íslandi verði virkjaðar til atvinnusköpunar í Evrópu mun það án efa draga úr hagvexti og atvinnuuppbyggingu á Íslandi með hækkandi raforkuverði til fyrirtækja og heimilanna í landinu. Í því mikla endurreisnarstarfi sem framundan er eftir hrunið er ábyrgðarhluti að ætla að mæta því með því að selja orkuna til útlanda. Því mótmælir, aðalfundur Framsýnar- stéttarfélags.“

Farið yfir Stofnanasamning

Fulltrúar Framsýnar heimsóttu starfsmenn Skógræktarinnar á Vöglum í sumarbyrjun. Tilgangur ferðarinnar var að heilsa upp á starfsmenn auk þess að fara yfir gildandi Stofnanasamning starfsmanna sem nú er til endurskoðunar og byggir á kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og ríkisins sem Framsýn er aðili að. Að sögn formanns Framsýnar er alltaf ánægjulegt að heimsækja starfsmenn skógræktarinnar. Hann gat þess jafnframt að starfsmenn hefðu komið með góðar ábendingar varðandi breytingar á Stofnanasamningnum.

Guðrún Jónsdóttir starfsmaður skógræktarinnar er hér með ungum gesti sem var á fundinum sem hugsanlega verður eftir nokkur ár starfsmaður á Vöglum, hver veit?

Það var allt í fullum gangi hjá starfsmönnum þegar fulltrúar Framsýnar voru á ferð á Vöglum í Fnjóskadal.

Góður baráttuandi á Húsavík

Að venju fóru ein fjölmennustu hátíðarhöld verkafólks á Íslandi fram á Húsavík 1. maí. Aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna stóðu að hátíðarhöldunum. Um 800 manns lögðu leið sína í Íþróttahöllina þar sem hátíðarhöldin fóru fram. Boðið var upp á veglega skemmtidagskrá auk þess sem formaður BSRB, Elín Björg Jónsdóttir flutti hátíðarræðu dagsins. Þá ávarpaði varaformaður Framsýnar, Kristbjörg Sigurðardóttir, samkomuna. Kristbjörg kom m.a. inn á jafnrétti kynjanna varðandi laun og mikilvægi stéttarfélaga fyrir alþýðu landsins. Stéttarfélögin þakka öllum skemmtikröftum, frummælendum og gestum fyrir komuna. Hér má sjá nokkrar myndir sem teknar voru á hátíðarhöldunum.

Góður vöxtur í ferðaþjónustu

Töluverður vöxtur er í ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum enda reikna menn með aukningu ferðamanna milli ára, sérstaklega erlendum ferðamönnum. Dæmi eru um að ferðaþjónustuaðilar hafi verið að auka gistirými, afþreyingu og þá hafa nýir veitingastaðir fyrir opnaðir á svæðinu. Einn af þeim sem opnað hefur nýjan veitingastað er Völundur Snær Völundarson, sá heimsþekkti matreiðslumaður sem eftir tólf ára dvöl í Karíbahafinu er loksins kominn á heimaslóðir en í byrjun júní opnaði hann veitingastaðinn Pallinn ásamt konu sinni, Þóru Sigurðardóttur. Staðurinn er staðsettur ofan á björgunarsveitarhúsinu svokallaða á Húsavík. Lambið er helsta sérkenni staðarins auk sjávarfangs sem að ávallt er spriklandi ferskt og oftast úr flóanum. Virkilega áhugaverður matsölustaður. Þá má geta þess að Heimabakarí hefur stórbætt aðstöðu fyrir gesti með stækkun á húsnæði og svona mæti lengi telja. Nú er að vona að sumarið verði gjöfult, sérstaklega fyrir þá sem byggja afkomu sína á þjónustu við ferðamenn.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þess ber að geta að nokkrar vikur eru lausar í orlofshúsum stéttarfélaganna í sumar. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna. Hér má sjá hvaða vikur eru lausar:

Ölfusborgir
17.08 – 24.08
24.08 – 31.08

Bjarkarsel
27.08 – 31.08

Lyngás
24.08 – 31.08

Mörk
17.08 - 24.08

Illugastaðir
17.08 – 24.08
24.08 – 31.08

Kjarnaskógur
24.08 – 31.08

Eiðar
24.08 – 31.08

Djúpivogur
29.06 – 06.07

Flókalundur
06.07 – 13.07

Olivía Ragnheiður Rakelardóttir, nemandi í Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit er klár í sumarið.

Gera kröfu um samning

Starfsmenn hvalaskoðunarfyrirtækja á Húsavík hafa þrýst á Framsýn að ganga frá samkomulagi við hvalaskoðunarfyrirtækin um kaup og kjör starfsmanna vegna óánægju með sína stöðu. Þessum skoðunum hafa starfsmenn komið á framfæri á fundum með fulltrúum Framsýnar og með heimsóknum á skrifstofu félagsins. Vegna eðli vinnunnar sem byggir á sjómennsku annars vegar og ferðaþjónustu hins vegar þarf að ganga frá nokkrum atriðum með samkomulagi er varðar öryggi starfsmanna, tryggingar, kaup og önnur réttindi. Hvalaskoðunarfyrirtækin hafa því miður ekki verið klár að ganga frá þessum atriðum með samkomulagi sem snýr að því að tryggja starfsmönnum lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum og íslenskum lögum. Stjórn Sjómannadeildar Framsýnar fundaði nýlega um málið og taldi ólíðandi að ekki væri í gildi samkomulag milli aðila um kjör og önnur réttindi starfsmanna og skoraði á hvalaskoðunarfyrirtækin að klára málið þegar í stað. Fyrirtækin hafa hins vegar ekki verið tilbúin til þess en opnað á frekari viðræður í haust.

Sjómannadeild Framsýnar gerir kröfu um að gengið verði þegar í stað frá samkomulagi um öryggi starfsmanna við hvalaskoðun, tryggingar, kaup og önnur réttindi. Deildin hefur gefið út einhliða kauptaxta fyrir starfsfólk hvalaskoðunarfyrirtækja sem byggir á kauptryggingu sjómanna. Kauptöxtunum hefur þegar verið komið á framfæri við fyrirtækin. Starfsmenn geta nálgast þá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður er farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort. Góða skemmtun.

Aðalfundur í skugga Eurovision

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur var haldinn þriðjudaginn 22. maí á Veitingastaðnum Sölku. Fundarsókn var ekki góð miðað við mætingu á aðalfundi félagsins undanfarin ár. Þess má geta að hin margrómaða Eurovision forkeppni var í gangi á sama tíma og aðalfundurinn fór fram, sem skýrir væntanlega lélega mætingu. Aðeins 16 félagsmenn komu á fundinn og tóku þátt í góðum umræðum um starfsemi og rekstur félagsins á árinu 2011.

Formaður, Stefán Stefánsson, fór yfir starfsemina frá síðasta aðalfundi sem haldinn var fyrir 6 mánuðum síðan þannig að sú yfirreið var ekki í löngu máli.

Orri Freyr starfsmaður félagsins fór síðan yfir reikninga félagsins og útskýrði þá fyrir félagsmönnum og var sú yfirferð góð að mati fundarmanna. Ársreikningarnir og skýrsla formanns voru síðan til umræðu og afgreiðslu á fundinum.

Eftir það var gengið til kosninga samkvæmt lögum félagsins. Ekki urðu breytingar á fulltrúum í stjórn eða nefndum á vegum félagsins fyrir næsta starfsár. Hægt er að skoða hverjir sitja í trúnaðarstöðum fyrir félagið inn á heimasíðu félagsins, framsyn.is.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf var farið yfir stöðu mála á Eiðum og einnig rætt um stöðu Samflots Bæjarstarfsmanna og starfsemina og hvað mætti bæta þar.

Boðið var upp á kaffi og meðlæti sem menn nýttu sér. Að sjálfsögðu spjölluðu menn einnig um daginn og veginn í lok fundar en honum var slitið um kl. 21.30

Það var ekki mikið sungið á aðalfundi Starfsmannafélagsins þrátt fyrir að Eurovision væri í gangi á sama tíma.

Starfsmannafélagið stóð fyrir hátíðarhöldum á Húsavík 1. maí ásamt aðildarfélögum Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Meðal ræðumanna var Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB sem flutti magnaða ræðu en Starfsmannafélagið er aðili að sambandinu.

Mennirnir á bak við fréttirnar

Félagarnir, Hafþór Hreiðarsson og Jóhannes Sigurjónsson voru að sjálfsögðu mætir á hátíðarhöldin 1. maí til að mynda og afla frétta fyrir Skarp og 640.is.

Þórunn ráðin í ræstingar

Þórunn Ágústa Kristjánsdóttir hefur tekið við ræstingum og þrifum á Skrifstofu stéttarfélaganna og þjónustuskrifstofu VÍS á Húsavík. Hún er boðin velkomin til starfa um leið og Kristbjörgu Gunnarsdóttur eru þökkuð vel unnin störf í þágu stéttarfélaganna.

Lóa og Linda M. Baldursdóttir eiga það sameiginlegt að hafa ráðið sig nýlega til starfa hjá stéttarfélögunum. Linda sem þjónustufulltrúi og Lóa sem ræstitæknir.

Vegagerðarmenn ræða kjaramál

Á dögunum fór fulltrúi Framsýnar í vinnustaðaheimsókn í þjónustumiðstöð Vegagerðarinnar á Húsavík. Þar starfa öflugir og magnaðir menn. Á fundinum var m.a. farið yfir kjaramál og stofnanasamning sem gildir fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar um land allt. Eftir yfirferð um samninginn og viðræður við yfirmenn Vegagerðarinnar í Reykjavík náðist hækkun fyrir starfsmenn sem falla undir Stofnanasamninginn um einn launaflokk. Framsýn hefur óskað eftir frekari hækkunum fyrir starfsmenn og er það til skoðunar hjá Vegagerðinni.

Vegagerðarmenn í Þingeyjarsýslum þurfa að sinna mörgum mikilvægum störfum. Hér eru þeir að laga klæðingu á þjóðveginum við Húsavík.

Gleði og hamingja á Raufarhöfn

Framsýn stóð fyrir árlegri samkomu í Kaffi Ljósfangi á Raufarhöfn í byrjun júní. Félagið bauð heimamönnum upp á kaffiveitingar en kvenfélagskonur á staðnum lögðu til heimsins bestu tertur. Fjölmargir bæjarbúar og gestir komu við og nutu veitinga og þess sem boðið var upp á. Þá gafst þeim tækifæri á að spjalla við formann félagsins og stjórnarmenn sem voru á staðnum. Samkoman fór mjög vel fram enda veðrið frábært og allir í góðu skapi. Mikil ánægja er með framtak Framsýnar og eru bæjarbúar duglegir að koma þeim skilaboðum á framfæri við forsvarsmenn félagsins. Ástæða er til að þakka Svövu Árna og hennar fólki fyrir afnotin af Kaffi Ljósfangi og Raufarhafnarbúum fyrir að taka þátt í sólarkaffi Framsýnar en menn höfðu orð á því að það væri alltaf gott veður þegar stéttarfélagið stæði fyrir kaffiboðinu á Raufarhöfn.

Lífið var dásamlegt á Raufarhöfn, frábært veður, skemmtilegt fólk og einstaklega góðar tertur sem kvenfélagskonur á Raufarhöfn bökkuðu.

Það var bæði setið inni og eins úti við Kaffi Ljósfang enda fullt af fólki á staðnum..

Dregið í happdrættinu. Framsýn stóð fyrir happadrætti í kaffiboðinu. Aðalvinningurinn var dvöl í orlofsíbúð félagsins í Reykjavík í eina viku og tveir konfektkassar í aukavinninga. Aðalvinningurinn kom á númerið 38. Sá sem hafði réttu töluna er beðinn um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna þegar í stað. Aukavinningarnir komu á tölurnar 106 og 28. Þeir eru einnig beðnir um að hafa samband en vinningshafinn sem fékk töluna 28 hefur þegar haft samband og verður honum færður konfektkassi á næstu dögum.

Skemmtilegir nemendur

Það er mikill metnaður í skólastarfinu í Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit og mikið lagt upp úr því að undirbúa nemendur vel út í lífið. Starfsmönnum Skrifstofu stéttarfélaganna var boðið að koma með kynningu í skólann á starfsemi stéttarfélaga og helstu réttindum launafólks, sérstaklega þeirra sem eru að stiga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Unglingarnir voru mjög áhugasamir og voru duglegir að leggja fram spurningar fyrir fulltrúa stéttarfélaganna.

Starfsmenn stéttarfélaganna heimsóttu nemendur Reykjahlíðarskóla í vor með fræðslu um vinnumarkaðinn. Frábærir nemendur þar á ferð.

Aldrei slakað á í starfi Framsýnar

Það er aldrei slakað á í starfi Framsýnar. Sérstakur vinnuhópur á vegum félagsins kom nýlega saman til að fara yfir drög að nýrri stefnu ASÍ í lífeyrismálum. Hópurinn gekk frá tillögum sem þegar hefur verið komið á framfæri við Starfsgreinasamband Íslands sem fór þess á leit við aðildarfélög sambandsins að þau kæmu á framfæri tillögum sínum við stefnu ASÍ til sambandsins. Starfsgreinasambandið mun svo vinna álit upp úr tillögum aðildarfélaga sambandsins. Þeim verður síðan komið á framfæri við Alþýðusambandið sem mun fjalla um tillögur aðildarfélagana síðar á þessu ári með það að markmiði að ganga frá nýrri stefnu ASÍ í lífeyrismálum.

Vinnuhópur Framsýnar í lífeyrismálum er hér að störfum. Hópurinn hefur þegar skilað frá sér tillögum til frekari vinnslu hjá Starfsgreinasambandi Íslands.

Vísbendingar um betri tíð

Aðalfundur Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum fór fram í lok maí. Miðað við þær upplýsingar sem lagðar voru fram á fundinum er greinilegt að atvinnulífið er á uppleið í Þingeyjarsýslum þar sem félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 5.588.982,- sem er 16,7% hækkun frá fyrra ári. Greidd félagsgjöld er góður mælikvarði á stöðu atvinnulífsins á svæðinu á hverjum tíma. Eins og sjá má hækkuðu félagsgjöldin og iðgjöldin um 16,7% milli ára sem er vísbending um að framundan sé betri tíð með blóm í haga. Þá má geta þess að rekstur Þingiðnar gekk vel á síðasta starfsári enda mikið aðhald í rekstri félagsins. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 11.967.639,- og eigið fé í árslok 2011 nam kr. 190.064.730,- og hefur það aukist um 6,7% frá fyrra ári. Árið 2010 var hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 9.050.497,-. Tekjuafgangur jókst því talsvert milli ára.

Fundarmenn fara yfir skýrslu stjórnar og reikninga.

Hér koma nokkrir fróðleiksmolar úr skýrslu stjórnar:

Félagatal
Fullgildir félagsmenn í Þingiðn 31. desember 2011 voru 92 talsins sem er svipaður fjöldi milli ára. Karlar voru 90 og konur 2. Greiðandi einstaklingar voru 110 á árinu samkvæmt ársreikningum félagsins.

Bætur og styrkir
Á árinu 2011 fengu samtals 28 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga eða aðra styrki úr sjúkrasjóði samtals kr. 814.172,-.

Afmælisferð félagsins
Um 20 félagsmenn fóru í afmælisferð félagsins til Reyðafjarðar þann 4. júní 2011. Ferðin tókst vel eins og aðrar ferðir sem félagið hefur staðið fyrir. Í ferðinni skoðuðu menn m.a. álverið á Reyðarfirði.

Fræðslumál
Ekki voru haldin námskeið á vegum félagsins á síðasta starfsári. Á síðasta ári fengu 5 félagsmenn styrki til náms/námskeiða samtals kr. 147.375,-

Atvinnumál
Atvinnuástandið hjá iðnaðarmönnum hefur almennt verið nokkuð gott miðað við ytri aðstæður og lítið um atvinnuleysi meðal iðnaðarmanna. Framtíðin er hins vegar óljós en vonandi tekst að snúa vörn í sókn í atvinnumálum sem fyrst með stórframkvæmdum á svæðinu.

Íbúðakaup
Félagsfundur í Þingiðn sem haldinn var 28. janúar 2012 samþykkti samhljóða að selja 25% eignarhlut félagsins í íbúð að Freyjugötu 10a (2-hæð) í Reykjavík til Framsýnar- stéttarfélags. Þess í stað var samþykkt samhljóða að kaupa 76,8m2 3ja herbergja íbúð í Þorrasölum í Kópavogi. Framsýn kaupir einnig þrjár íbúðir í sama fjölbýlishúsi. Íbúðin kostar 22.900.000,-. Söluverðið á eignarhlutnum í Freyjugötunni var rétt um 4.620.250,- sem telst mjög gott verð. Þá er reiknað með að nýtt innbú kosti um 3.000.000,- en gamla innbúið er úr sér gengið. Heildarkostnaður félagsins við íbúðaskiptin er áætlaður um 22 milljónir.

Þorrasalir í byggingu. Íbúðir stéttarfélaganna eiga að vera klárar í byrjun júlí.

Stjórnin endurkjörin
Jónas Kristjánsson, Vigfús Leifsson, Sigurður Hreinsson, Þórður Aðalsteinsson og Kristinn Gunnlaugsson voru endurkjörnir í stjórn. Jónas Kristjánsson verður áfram formaður.

Styrkir til samfélagsins
Félagið kom að því að styrkja nokkur góð verkefni á árinu. Á síðasta ári samþykkti félagið m.a. að taka þátt í verkefni Lionsklúbbs Húsavíkur sem í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hefur komið af stað metnaðarfullu forvarnarstarfi er miðar að því að kalla alla þá sem verða 55 ára á hverju ári í fimm ár í krabbameinsskoðun, það er ristilspeglun. Framlag Þingiðnar til verkefnisins er kr. 250.000,-. Félagið kom að því að styrkja Tónlistarskólann á Húsavík um kr. 30.000,- vegna kaupa á hljóðfærum. Félagið hjálpaði Siglingadeild Völsungs að kaupa vandaðan bát fyrir starfsemina en hópur barna og unglinga stundar siglingar innan deildarinnar. Styrkur félagsins var kr. 50.000,-. Gengið var frá samningi við Bílaleigu Húsavíkur um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn stéttarfélaganna á bílaleigubílum í Reykjavík. Afslátturinn er 15% frá listaverði.

Aðalsteinn í framkvæmdastjórn

Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir framhaldsþingi í maí. Á þinginu voru samþykkt ný lög sambandsins þar sem umtalsverðar breytingar eru gerðar á stjórnskipulagi, hlutverki og starfsemi sambandsins. Sem dæmi má nefna að fækkað var verulega í framkvæmdastjórn sambandsins, eða úr þrettán í sjö fulltrúa. Að auki voru samþykktar fjórar nýjar reglugerðir sem er ætlað að styrkja starfsemina, efla upplýsingamiðlun SGS og skilgreina verkaskiptingu milli aðildarfélaganna og sambandsins. Á þinginu var Björn Snæbjörnsson kjörinn formaður sambandsins og Hjördís Þ. Sigurþórsdóttir varaformaður. Þá náði formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson kjöri í framkvæmdastjórn sambandsins. Kjörtímabilið er tvö ár.

Niðurstaða þingsins er afrakstur mikillar vinnu sem farið hefur fram á vegum sambandsins undanfarna mánuði.

Heimasíða stéttarfélaganna

Á hverjum degi fer fjöldi fólks inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is. Vertu með í þeim hópi.

Fréttabréfin flettanleg á heimasíðunni

Nú geta félagsmenn sem og aðrir áhugasamir lesið fréttabréf stéttarfélaganna í flettanlegu vefformi á heimasíðu félaganna www.framsyn.is. Áður hafa fréttabréfin verið aðgengileg á pdf formi en með þessu móti er aðgengið að fréttum stéttarfélaganna bætt verulega.

Velferðarsjóður Þingeyinga

Velferðarsjóður Þingeyinga var stofnaður 12. des. 2008. Tilgangur sjóðsins er að styðja við þá einstaklinga og fjölskyldur sem eiga um sárt að binda. Umsóknir um styrki er hægt að senda á netfangið: rkihusavik@simnet.is

Fjárframlög til styrktar sjóðnum eru vel þegin á bankareikning 1110-05-402610, kt.600410-0670

Mikil lífsgæði að hafa flug til Húsavíkur

Flugfélagið Ernir hóf áætlunarflug frá Reykjavík til Húsavíkur í vor. Flogið er fjóra daga í viku. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson, segir mikil lífsgæði fylgja því að hafa flug til Húsavíkur. Flugið muni án efa auka aðgengi ferðamanna að svæðinu. Þá komi flugið að góðum notum fyrir fólk sem þarf að ferðast suður s.s. vegna veikinda, orlofs eða viðskipta. Í því felist bæði tíma- og fjárhagslegur sparnaður. Hann hvetur heimamenn til að nýta sér þennan nýja ferðamáta frá Húsavík og stuðla þannig að því að flugið festist í sessi en flugfélagið hefur sett upp áætlun fram á haustið.

Röðull Reyr sér um að allir komist um borð sem á annað borð hafa gengið frá sínum málum varðandi flugið.

Guðmundur Karl hefur lengi verið viðloðandi flug um Húsavíkurflugvöll. Hér er hann að gera klárt fyrir flug til Reykjavíkur á ný eftir að farþegar frá Reykjavík voru farnir frá borði.

Starfsfólk á námskeiði

Hluti starfsmanna Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn kláraði nýlega 40 klukkustunda fiskvinnslunámskeið sem er kjarasamningsbundið grunnnám sem veitir rétt til launahækkanna. Hér eru þeir að hlýða á fyrirlestur um atvinnulífið, kjarasamninga og lög þeim tengdum. Til viðbótar má geta þess að búið er að semja um framhaldsnámskeið sem veitir einnig rétt til hækkana.

Ferðaþjónusta
- lok vaktavinnu-

Að gefnu tilefni er rétt að geta þess að fyrirtæki í ferðaþjónustu sem ráða starfsfólk í vaktavinnu ber að setja upp vaktatöflu fyrir 4 vikur í senn og skal taflan kynnt með viku fyrirvara, það er áður en hún á að taka gildi. Þar skal samkvæmt kjarasamningum tilgreina með skýrum hætti upphaf og endi vakta á hverjum degi. Því miður eru dæmi um að fyrirtæki í ferðaþjónustu hunsi þetta ákvæði þrátt fyrir að vita betur. Starfsfólk sem telur á sér brotið varðandi þetta ákvæði er vinsamlegast beðið um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna þegar í stað.

Fiskvinnslufólk
-Áríðandi lesning-

Samkvæmt gildandi kjarasamningum á starfsfólk í fiskvinnslu rétt á 40 klst. grunnnámskeiði á fyrsta starfsári. Þeir sem ljúka námskeiðinu hækka í launum um tvo launaflokka. Það er úr 5. í 7. launaflokk samkvæmt launatöflu Samtaka atvinnulífsins og Framsýnar. Flestir sem starfa í fiskvinnslu á félagssvæði Framsýnar hafa þegar lokið þessu námskeiði. Til viðbótar var samið um framhaldsnámskeið fyrir fiskvinnslufólk í síðustu kjarasamningum. Um er að ræða 14 klst. námskeið sem ætlað er þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu. Þeir starfsmenn í fiskvinnslu sem ljúka námskeiðinu hækka til viðbótar um tvo launaflokka. Fara úr 7. í 9. launaflokk. Starfsfólki í fiskvinnslu á félagssvæði Framsýnar hefur því miður ekki boðist að fara á þessi framhaldsnámskeið. Rétt er að geta þess að fyrirtækjunum er ætlað að standa fyrir þessum námskeiðum í samstarfi við fræðsluaðila á viðkomandi svæðum. Á félagssvæði Framsýnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar er það Þekkingarnet Þingeyinga sem kemur til með að sjá um skipulagninguna með fyrirtækjunum í góðu samstarfi við Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar. Stéttarfélögin hafa með bréfi hvatt fyrirtækin til að standa við ákvæði kjarasamninga með það að markmiði að bjóða fiskvinnslufólki að sækja kjarasamningsbundin námskeið. Fiskvinnslufólk er beðið um að fylgja því eftir að það fái námskeiðin sem um leið veita þeim rétt til launahækkana. Nánari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Mikilvægt er að fiskvinnslufólki verði boðið upp á kjarasamningsbundin námskeið.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Okkar markmið er að gera góða þjónustu betri

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2011.

Við erum stolt af þessum árangri sem er okkur mikil hvatning til að halda áfram á þeirri braut að gera góða þjónustu á öllum sviðum enn betri.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki